

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á ný milli 2. og 3. umræðu.

Lagt er til að ákvæðið um tímabundinn skatt á lífeyrissjóði til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu falli brott. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir taki þátt í kostnaði vegna vaxtaniðurgreiðslanna og að stjórnvöld og sjóðirnir nái samkomulagi um fjármögnunina fyrir þing- og nefndarfundum í september nk.

Lilja Mósesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. B-liður 7. gr. falli brott.
2. 8. gr. falli brott.
3. Orðin „b-liðar 7. gr.“ og „a-liðar“ í 14. gr. falli brott.

Alþingi, 10. júní 2011.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Tryggvi Þór Herbertsson,
með fyrirvara.

Árni Þór Sigurðsson.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Magnús Orri Schram.

Auður Lilja Erlingsdóttir.